

### 3. bekkur

#### Náttúrugreinar

Í Hörðuvallaskóla er hefð fyrir því á yngsta stigi að kenna samfélags- og náttúrufræði í þeim nokkrum sinnum yfir skólaárið. Hvert þema getur tekið allt frá einum mánuði upp í þrjá mánuði í kennslu og fléttast þá saman markmið úr báðum fræðum.

Í aðalnámskrá segir:

Hæfni í **náttúrugreinum** felst í þekkingu og leikni, en einnig í viðhorfum til náttúru, tækni, samfélags og umhverfis.

Fjölbreyttir kennsluhættir eru mikilvægir í náttúrugreinum þar sem kennarinn hagnýtir búnað og aðstæður á hverjum stað.

Val á viðfangsefnum gerir nemendum kleift að sinna því sem þeir hafa áhuga á eða eru forvitnir um og að ígrunda eigin reynslu.

Í þriðja bekk eru eftirfarandi þemu í samfélags- og náttúrufræði tekin fyrir:

- Fjöll á Íslandi
- Heimingeimurinn
- Jólin í gamla daga
- Risaeðlur
- Húsdýrin

### Við lok 3. bekkjar getur nemandi:

- ✓ sýnt virkni og látið sig varða nánasta umhverfi og lífsskilyrði lífvera í því
- ✓ komið auga á þarfir og vandamál í umhverfi sínu
- ✓ gert sér grein fyrir hvernig maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans byggist á samspilinu við hana
- ✓ aflað sér upplýsinga er varða náttúruna
- ✓ skráð atburði og athuganir, s.s. með ljósmyndum, teikningum, eigin orðum og sagt frá þeim
- ✓ notað ólíkar heimildir við öflun upplýsinga
- ✓ útskýrt valda atburði og hugmyndir á fjölbreyttan hátt
- ✓ hlustað á og rætt hugmyndir annarra
- ✓ rætt eigin lífssýn og gildi, gert sér grein fyrir samspili náttúru og manns
- ✓ tekið þátt í að skoða, greina og bæta eigið umhverfi og náttúru
- ✓ sagt frá hvernig Ísland myndast og tekur breytingum
- ✓ sagt frá eigin upplifun á náttúrunni og skoðun á lífveru í náttúrulegu umhverfi (húsdýr, fuglar)
- ✓ lýst algengustu lífverum í nánasta umhverfi sínu (húsdýr, fuglar)
- ✓ útskýrt fæðukeðjur og rakið fæðu til frumframleiðenda (húsdýr)
- ✓ fjallað um samspil manns og náttúru

Leið að hæfniviðmiðum/kennsluaðferð	Viðfangsefni/efnisval	Afurð/námsmat
<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fjölbreytt lesefni</li> <li>• Vettvangsferðir</li> <li>• Kynningar</li> <li>• Athuganir</li> <li>• Nemendur afla sér sjálf upplýsinga í fræðibókum og af veraldarvefnum.</li> <li>• Sjálfstæð vinnubrögð</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Komdu og skoðaðu fjöllin</li> <li>• Komdu og skoðaðu himingeiminn</li> <li>• Risaeðlur</li> <li>• Í sveitinni með Æsu og Gauta</li> <li>• Námsvefir sem tengjast viðfangsefnunum</li> <li>• Fræðslumyndbönd</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Verkefni</li> <li>• Símat</li> <li>• Stuttar kannanir eftir hvert þema.</li> <li>• Kynningar á verkefnum</li> </ul>